



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts - 15.8.2017 kl. 18:00

Mætt:

Ragnar Róbertsson (RR), Baldvin Hansson (BH), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Einar Gunnlaugsson (EG)

Fjarverandi:

Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Garðar Þór Garðarsson (GPÞ), Torfi Arnarson (TA)

ÞA ritaði fundargerð.

1. FIA: Viðurkenning fyrir sjálfboðaliða og stjórnendur

AKÍS getur tilnefnt allt að sjö aðila sem hafa unnið óeigingjarnt starf og staðið sig sérstaklega vel fyrir akstursíþróttir á Íslandi.

AKÍS hefur borist bréf frá FIA þar sem fram kemur að það geti tilnefnt sjálfboðaliða, einstaklinga og teymi, til að hljóta titilinn "Outstanding Official of the Year".

Stjórn falið að skoða sitt bakland og koma með tilnefningar á næsta fund.

2. Íslenskir torfærukeppendur erlendis

Í gegnum tíðina hafa íslenskir keppendur tekið þátt í margs konar torfærukeppnum erlendis, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Nú í byrjun vetrar fara margir íslenskir torfærukeppendur til Bandaríkjanna til þátttöku í keppni sem haldin er undir merkjum Southern Rock Racing Series (SRRS). Auk þess sem einhverjir fara til Noregs til keppni í FIA-NEZ mótinu. Óskar AKÍS þeim öllum góðs gengis.

3. Tímaat: Þolakstur

Kvartmíluklúbburinn óskar eftir að halda bikarkeppni í tímaati með nýju sniði þann 27. ágúst 2017. Um er að ræða þolaksturskeppni.

Samþykkt að halda bikarkeppni með þessu sniði. Reglur verði endurskoðaðar af keppnisráði og lagðar fyrir formannafund í haust.

4. Þriðja umferð Íslandsmótsins í götuspyrnu

Framkvæmdastjóra falið að ræða merkingar á einu keppnistæki í keppninni við framkvæmdastjórn ÍSÍ og hvað eigi að gera í þessu tilviki.

5. GoKart: Keppnishald í sumar og næstu misseri

AKÍS kynni GoKart fyrir ungmennum og stuðli að aukinni umfjöllun í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum til að fjölga keppendum.

AKÍS dreifi upplýsingum um einfalda brautarlagningu sem FIA hefur útbúið.



6. Beiðni um endurgreiðslu keppnisgjalda vegna keppni sem ekki var haldin
Samþykkt.

7. Frumvarp til nýrra umferðarlaga

Framkvæmdastjóra falið að senda á formenn aðildarfélaganna ósk um tilnefningar í vinnuhóp til að fara yfir og skoða drög að nýjum umferðarlögum.

8. Bréf til stjórnar AKÍS frá keppanda í götuspyrnu

Tillaga að svörum verður lögð fyrir næsta stjórnarfund.

9. Önnur mál

10. Næsti fundur

5. september 2017 - Fundarherbergi ÍSÍ (eða GSÍ) kl. 17:00